

Uppgjör 1. ársfjórðungs 2023





4. maí 2023

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 1F 2023**
- Uppgjör 1F 2023
- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 1F 2023



Helstu fréttir af starfseminni



- Tímamótaskref stigið í orkuskiptum á Íslandi. Fyrsti rafknúni vöruflutningabíllinn hlaðinn í ferð milli landshluta á fjórðungnum en 30 stöðvar verða settar upp á næstu mánuðum.



- Krónan sem veitir harða samkeppni á íslenskum dagvörumarkaði var valin besta íslenska vörumerkið á einstaklingsmarkaði og var einnig valin sem vörumerki ársins.




- ELKO vex umfram raftækjamarkaðinn með 14% aukningu milli ára. Verslun ELKO á Keflavíkurflugvelli komin á flug.

Tímamótaskref stigið í orkuskiptum á Íslandi...



... þegar N1 hlóð fyrsta rafknúna vöruflutningabíl sinnar tegundar á Íslandi


- 16 tónna rafknúinn vöruflutningabíll frá Volvo var stungið í samband og eru nú þó nokkrir fleiri komnir á götuna. Mikilvægt skref í orkuskiptum landsins.
- **N1 fjlgar hraðhleðslustöðvum um 30 um land allt**
 - Á næstu mánuðum mun félagið taka 30 nýjar hraðhleðslustöðvar í notkun sem allar verða með 150 kW hleðslugetu og þar með bjóða upp á eitt öflugasta og víðfeðmasta hleðslustöðvanet landsins.
- **N1 gaf út viðamikla samfélagsskýrslu fyrir árið 2022**
 - N1 ætlar sér að vera leiðandi fyrirtæki í orkuskiptum með markvissum breytingum í rekstri og munu sjálfbærnimælikvarðar spila þar lykil þátt til að ná tilsettum árangri. Sjá skýrsluna [hér](#).



Stöðugar viðbætur á framboði af þjónustu N1



- **N1 styrkir framboð sitt af hollum og ferskum skyndibita**
 - Djúsí opnaði á Bíldshöfða í byrjun árs og Djúsí og Ísey Skyr Bar opnuðu samtímis í mars í Háholti í Mosfellsbæ.
- **N1 þjónustuappið heldur áfram að vaxa**
 - Tæplega 8.000 notendur hlaðið því niður.
 - Opnuðum á nýja þjónustu í appinu þar sem rafbílaeigendur geta nú greitt fyrir eigin hleðslu með appinu.
 - Styttist í að viðskiptavinir geti pantað sér veitingar hjá N1, Ísey Skyr Bar og Djúsí með appinu.
- **N1 mun stíga fyrstu skrefin í sjálfsafgreiðslu á næstu vikum**
 - Svokallaðir „kioskar“ eða sjálfsafgreiðslusalar eins og þekkt erlendis frá verða settir upp á völdum þjónustustöðvum N1.
- **N1 þjónustar Dropp afhendingar fyrir viðskiptavinum sína**
 - Þjónustustöðvar N1 afhentu ríflega 55 þúsund pakka fyrir Dropp á ársfjórðungnum og bætist stöðugt í.
- **N1 endurnýjar samning við Breiðablik til næstu 4 ára**
 - Stuðningurinn snýr sérstaklega að starfi yngri flokka.



Krónan besta íslenska vörumerkið á einstaklingsmarkaði og slær í gegn á TikTok

- Krónan valin besta íslenska vörumerkið
 - Viðurkenning Brandr á einstaklingsmarkaði.
- Krónan valin vörumerki ársins
 - Samkvæmt könnun Maskínu meðal stjórnenda markaðsmála í íslenskum markaðsfyrirtækjum.
- Tvær tilnefningar til Lúðursins og ein til Árunnar
 - Jólahaferð Krónunnar sló í gegn
- Glæsileg samfélagsskýrsla Krónunnar gefin út fjórða árið í röð – sjá [hér](#).
- 1. apríl tekinn alla leið þegar Krónan kynnti til leiks fyrsta grænmetispáskaeggjð á markaðnum.
- TikTok Krónunnar var stofnað í lok október á síðasta ári og er komið með yfir milljón spilanir.
- Metfjöldi heimsóknna á vefsíðu Krónunnar eða tæplega 300% aukning milli ára.



Samfélagsskýrsla
Krónunnar
2022


KRÓNAN



Snjallverslun á mikilli siglingu og undirbúningur hafinn fyrir yfirhalningu á Granda

KRÓNAN

- **Snjallverslun slær í gegn á Akureyri** bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, en opnað var fyrir heimsendingar í febrúar.
- **Velta snjallverslunar hefur aukist um tæplega 60%** milli ára.
- **Mikil aukning í fjölda afgreiðslna hjá Krónunni** eða 25% milli ára.
- **Fjöldi afgreiðslna í gegnum Skannað og skundað** ásamt sjálfsafgreiðslu hefur vaxið um 34% milli ára.
- **Hlutdeild Krónunnar á dagvörumarkaði hefur vaxið um 7% milli ára** skv. markaðskönnun á vegum Gallup og var 36% í mars mánuði sl.
- Undirbúningur í fullum gangi fyrir **yfirhalningu á verslun okkar á Granda**.



**Við erum
vinalæg, skýr
—og þínu pönk**

Þróun verðlags og ástand á hrávörumörkuðum



- **Verð á hrávörumörkuðum halda almennt áfram að lækka,** með undantekningum þó. Verð á gasi og rafmagni hefur lækkað á síðustu mánuðum sem hefur áhrif á framleiðslukostnað. Gasolía hefur lækkað um 10% frá áramótum sem ætti að leiða til lækkana í sjóflutningi.
- **Framboð grænmetis erlendis frá að ná fyrra jafnvægi.** Framleiðendur í ylræktun, til dæmis í Danmörku, Belgíu, Hollandi og Lúxemborg eru komnir aftur í gang eftir lokanir vegna orkukostnaðar. Þetta eykur framboð á vörum á borð við tómata og paprikur og verð hefur farið lækkandi síðastliðnar tvær vikur.
- **Mikill þrýstingur á framlegð og verðsamkeppni hörð.** Hægt hefur á boðuðum verðhækkunum frá birgjum og væntum þess að sjá verðlækkanir byrja að berast á næstu árfjórðungum. Höfum haldið áfram á þeirri vegferð að fjölga erlendum birgjum til að styrkja samkeppnishæfni.
- Áfram skýr merki þess á fyrsta ársfjórðungi að **neytendur hafa breytt neyslumynstri sínu** og í auknum mæli **fært sig yfir í ódýrari valkosti** í ljósi verðlagsþróunar. Væntum sömu þróunar á komandi mánuðum.




ELKO vex umfram raftækjamarkaðinn

- **Raftækjamarkaður** að aukast um 9% á milli ára á meðan söluaukning ELKO er 14% (samkvæmt kortaveltu í ársfjórðungnum).
- **Verslun ELKO** á Keflavíkurflugvelli komin á flug og er með hæsta hlutfall heildarveltu ELKO á fyrsta ársfjórðungi frá opnun.
- **ELKO sextánda stærsti** raftækjasali Norðurlandanna samkvæmt skýrslu Plimsoll.
- **ELKO.is** tilnefndur sem söluvefur ársins í íslensku vefverðlaununum fyrir söluvef ársins og er í fimmta sæti allra smásöluverslana í ánægjuvuginni 2022.
- **Opnað á fyrirtækjaviðskipti** í gegnum vefverslun elko.is þar sem fyrirtæki geta sett vörur í reikning, sótt kaupnótur, stillt úttektaraðila og -heimildir.
- **ELKO hefur** sölu á varmadælum og bílhleðslustöðvum.
- **ELKO býður upp á lengsta** skilarétt landsins í tengslum við fermingargjafir en skilaréttur á fermingargjöfum er til 30.júní.



NIBURSTÖÐUR ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOG-
ARINNAR Í ELOKKI SMASALA Á ÍSLANDI:



ELKO fagnar 25 árum í rekstri



- **ELKO fagnaði 25 ára afmæli** 28.febrúar 2023.
- **Samfélagsskýrsla** gefin út ásamt nýjum skammtíma- og langtímamarkmiðum, nýrri umhverfisstefnu og mælingum á grænum skrefum atvinnulífsins sem viðskiptavinir geta séð á www.laufid.is. Hægt er að skoða skýrsluna [hér](#).
- **Meirihluti forflutnings** erlendra sendinga nú framkvæmdur með umhverfisvænni máta með notkun á lest í stað flutningabíla.
- **Stærsti ársfjórðungur** frá upphafi í kaupum á notuðum raftækjum af viðskiptavinum í gegnum „fáðu eitthvað fyrir ekkert“.
- **Firmamót ELKO** í rafíþróttum haldið í ársfjórðungnum við mikla lukku í samstarfi við Rafíþróttasamtök Íslands (RÍSí) og **Rafíþróttamót Samfés og ELKO** haldið í byrjun apríl fyrir ungmenni á aldrinum 13-25 ára.
- **Öll viðskipti** með viðskiptareikninga og kortalán nú orðin **pappírslaus**.
- **Aprílabb vakti lukku** en ELKO boðaði opnun útibús á Tenerife og afhendingu á vörum á hótelum og amerísku ströndinni.
- **Á döfinni:**
 - **Ný komuverslun** á Keflavíkurflugvelli í sumar á nýrri staðsetningu.
 - **Miðlægur lager** fyrir stór tæki í viðgerðarferli til að bæta þjónustu.



- Starfsemin á 1F 2023
- **Uppgjör 1F 2023**
- Staða og horfur


Rekstur samstæðunnar á 1F 2023




- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 4,9 ma. kr. eða 20% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 6.227 millj. kr. Aukningin nam 493 millj. kr. eða 8,6% á milli ára.
- **Hækkanir á vöruverði, flutnings og dreifingarkostnaði** í samanburði milli ára auka veltu og lækka framlegðarstig.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.673 millj. kr., hækkun um 666 millj. kr. eða 22,2% milli ára.
- **Stöðugildin** voru 1.294 á fjórðungnum, aukning um 140 eða 12,1% á milli ára.
- **Áhrif verðbólgu** gætir í öllum kostnaðarliðum í samanburði milli ára.
- **EBITDA** 1.401 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023, lækkun um 348 millj. kr. eða 19,9% milli ára.

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	29.484	24.572	4.912	20,0%
Framlegð af vörusölu	6.227	5.734	493	8,6%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	497	431	66	15,4%
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.673	3.006	666	22,2%
Annar rekstrarkostnaður	(1.651)	(1.409)	(241)	17,1%
EBITDA	1.401	1.749	(348)	-19,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	33,4%	43,1%	-9,7 p.p.	-22,5%
Laun/framlegð af vörusölu	54,4%	47,1%	+7,3 p.p.	15,4%
Hagnaður á hlut	2,29	4,26	-1,97	-46,2%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA




Ytri áhrifabættir 1F 2023




- **Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli 1F 2022 og 1F 2023:**
- **Meðalverð gasolíu** var 861 dollarar í samanburði við 925 dollara á 1F 2022, lækkun um 6,8%.
- **Meðalverð á bensíni** var 917 dollarar í samanburði við 964 dollara á 1F 2022, lækkun um 4,9%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel



- **Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 1F 2023:**
- **USD veiktist** um 3,0% gagnvart ISK og munur á hæsta og lágsta gengi á 1F nam 7,3%.
- **EUR veiktist** um 1,7% gagnvart ISK og munur á hæsta og lágsta gengi á 1F nam 6,4%.


Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 1. ársfjórðungi

- **Aukin vörusala** í öllum flokkum milli ára en **framlegðarstig lækkar**. Mikill áframhaldandi **þrýstingur á framlegðarstig**.
- **Framlegðarhlutfallið á 1F 2023 var 21,1%** og lækkar um 2,2 p.p.
- **Framlegð í krónum eykst** í öllum flokkum frá 1F 2022 **nema eldsneyti**.
- **Framlegð af dagvöru í krónum eykst um 20,6%** frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn minnkar um 11,3%**, **raftæki aukast um 13,1%** og **aðrar vörur aukast um 5,1%** milli ára.
- **Heildarframlegð eykst um 8,6%** og er 6.227 millj. kr. á fjórðungnum samanborið við 5.734 millj. kr. á 1F 2022.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki



Aðrar vörur og þjónsta




Laun og starfsmannakostnaður á 1F 2023




- Laun og starfsmannakostnaður hækkar um 667 millj. kr. á milli ára.
- Stöðugildum fjölgar um 140 milli ára og nemur hækkunin um 329 millj. kr.
 - Nýjar verslanir Krónunnar, nýtt verkstæði N1, Iceland Food Company ásamt nýjum útsölustöðum skýra aukninguna milli ára.
- Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nemur 266 millj. kr. en tvær samningsbundnar launahækkanir voru milli tímabila, í apríl og nóvember 2022.

Laun og launatengd gjöld 1F 2022	3.006
Stöðugildi - breyting	329
Samningsbundnar launahækkanir	266
Orlofsskuldbinding	8
Annar starfsmannakostnaður	63
Laun og launatengd gjöld 1F 2023	3.673

Laun og launatengd gjöld
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 1F 2023




Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	11.650	14.197	3.877	256	29.980
Tekjur innan samstæðu	70	296	5	1.723	2.095
Heildartekjur starfspáttá	11.721	14.493	3.882	1.979	32.075
Heildarrekstrargjöld starfspáttá	(11.390)	(13.542)	(3.663)	(1.134)	(29.729)
EBITDA starfspáttá	330	951	219	845	2.346
Afskriftir starfspáttá	(710)	(517)	(134)	(257)	(1.618)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	16	16
EBIT rekstrarafkoma starfspáttá	(380)	434	85	603	743
Hrein fjármagnsgjöld	(269)	(102)	(12)	(737)	(1.120)
Áhrif hlutdeildarféлага og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	122	122
Tekjuskattur	130	(61)	(15)	43	98
Hagnaður ársfjórðungsins	(519)	271	58	32	(158)
Eignir starfspáttá	29.474	21.526	5.794	37.354	94.148
Fjárfestingar starfspáttá	363	239	54	197	852
Skuldir starfspáttá	19.989	16.656	4.049	20.550	61.243

EBITDA starfspáttá



Eignir starfspáttá



N1 - Helstu niðurstöður á 1F 2023



- Tekjur námu 11.721 millj. kr., aukning um 1.681 millj. kr. eða 16,7% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni jókst milli ára um 1.295 millj. kr. eða 18,3% á milli ára. Salan nam 41,4 millj. lítrum sem er 12% minni en á síðasta ári. Aukning í öllum tegundum nema sölu til stórnotenda.
- Sala á öðrum vörum jókst um 186 millj. kr. eða 10,9% milli ára. Ágætt aukning í hjólbörðum, smurolíum, bifreiðapjónustu og efnavörum.
- EBITDA var 330 millj. kr. sem er samdráttur um 302 millj. kr. eða 47,8% á milli ára.
- Neikvæður mismunur í hagnaði eldsneytisvarna milli ára 174 millj. kr. en einnig er lægri framlegð af sölu til stórnotenda vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði eldsneytis frá áramótum.

 **95**
Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**
Hjólbarda- og
smurverkstæði

 **14**
Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	11.721	10.039	1.681	16,7%
Heildargjöld	(11.390)	(9.407)	(1.983)	21,1%
EBITDA	330	633	(302)	-47,8%
EBITDA-hlutfall	2,8%	6,3%	-3,5 p.p.	-55,3%
EBIT	(380)	(4)	(375)	8624,5%
EBIT-hlutfall	-3,2%	0,0%	-3,2 p.p.	7373,0%
Hagnaður	(519)	(209)	(310)	148,1%


Krónan - Helstu niðurstöður á 1F 2023



- Tekjur 14.493 millj. kr. hækkun um 3.100 millj. kr. eða 27,2% á milli ára.
- Icelandic Food Company partur af samstæðu Krónunnar frá 1. janúar 2023.
- Nýjar verslanir í Borgartúni, Akureyri og Skeifunni en annarri lokað í sama hverfi. Like for like tekjur eru að aukast um 12,5% milli ára.
- Áfram hækkunarir í öllum vöruflokkum á fjórðungnum og er framlegðarstig undir þrýstingi vegna þessa.
- EBITDA 951 millj. kr., sem er hækkun um 102 millj. kr eða 12,0% á milli ára.

 **27**
Matvöruverslanir


Fyrsta verslunarkeðjan á
Íslandi með Svansvottun

 **6 ár**
Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	14.493	11.393	3.100	27,2%
Heildargjöld	(13.542)	(10.544)	(2.998)	28,4%
EBITDA	951	849	102	12,0%
EBITDA-hlutfall	6,6%	7,4%	-0,9 p.p.	-11,9%
EBIT	434	437	(3)	-0,7%
EBIT-hlutfall	3,0%	3,8%	-0,8 p.p.	-21,9%
Hagnaður	271	271	1	0,3%

ELKO - Helstu niðurstöður á 1F 2023



- Tekjur 3.882 millj. kr., aukning um 458 millj. kr. eða 13,4% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum Íslendinga þá eru verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að ná sér á strik, aukning 75% milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum ELKO nema Vefverslun.
- Framlegð 927 millj.kr og eykst um 1,3% milli ára. Framlegðarstig lækkar milli ára og þrýstingur á framlegðarstig vegna verðhækkana frá birgjum.
- EBITDA 219 millj. kr. sem er lækkun um 93 millj. kr. eða 29,7% á milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvugin 2022



Fyrirmyndarfyrirtæki
VR 2022

	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	3.882	3.424	458	13,4%
Heildargjöld	(3.663)	(3.112)	(551)	17,7%
EBITDA	219	312	(93)	-29,7%
EBITDA-hlutfall	5,6%	9,1%	-3,5 p.p.	-38,0%
EBIT	85	199	(114)	-57,3%
EBIT-hlutfall	2,2%	5,8%	-3,6 p.p.	-62,4%
Hagnaður	58	140	(82)	-58,6%

Önnur félög - Helstu niðurstöður á 1F 2023

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 1.979 millj. kr., aukning um 191 millj. kr. eða 10,7% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 916 millj. kr. samanborið við 837 millj. kr. á 1F 2022.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% sem er svipað og árið áður.
- Eigin not húsnæðis lækkar í 88% samanborið við 89% á 1F 2022, lækkun um 1 p.p.
- EBITDA 845 millj. kr. og hækkar um 27 millj. kr. milli ára.

 **84**
Eignir í eigu
samstæðunnar

 **98%**
Húsnæðis í útleigu

 **88%**
Eigin not húsnæðis


	1F 2023	1F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	1.979	1.787	191	10,7%
Heildargjöld	(1.134)	(969)	(165)	17,0%
EBITDA	845	818	27	3,3%
EBITDA-hlutfall	42,7%	45,8%	-3,1 p.p.	-6,7%
EBIT	603	579	24	4,2%
EBIT-hlutfall	30,5%	32,4%	-1,9 p.p.	-5,9%
Hagnaður	32	192	(160)	-83,6%

Efnahagsreikningur 31.03.2023




Milljónir króna	31.3.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.842	14.862	(20)	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.434	4.517	(83)	-1,8%
Rekstrarfjármunir	34.993	34.815	178	0,5%
Leigueignir	8.082	8.012	70	0,9%
Fjárfestingarfasteignir	6.504	6.479	25	0,4%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.705	2.601	104	4,0%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	148	150	(2)	-1,3%
Fastafjármunir alls	71.723	71.450	273	0,4%
Birgðir	14.197	13.086	1.112	8,5%
Viðskiptakröfur	5.794	5.960	(166)	-2,8%
Aðrar skammtímakröfur	610	764	(155)	-20,2%
Handbært fé	1.823	2.112	(289)	-13,7%
Veltufjármunir alls	22.425	21.923	502	2,3%
Eignir samtals	94.148	93.373	775	0,8%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- **Traustur efnahagsreikningur.**
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 203 millj.kr** frá áramótum.
- Leigueignir **hækka vegna nýrra leigusamninga** verslana.
- Vörubirgðir **hækka um 1.112 millj. kr.** frá áramótum vegna **aukinna umsvifa** og árstíðasveiflu í rekstri.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur **lækka um 320 millj. kr frá áramótum.**
- **Handbært fé 1.823 millj. kr. í lok fyrsta ársfjórðungs** sem er 289 millj. kr. lækkun frá áramótum.

Efnahagsreikningur 31.03.2023




Milljónir króna	31.3.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Eigið fé	32.905	34.460	(1.556)	-4,5%
Skuldir við lánastofnanir	28.323	28.224	99	0,4%
Leiguskuldir	7.775	7.715	60	0,8%
Tekjuskattskuldbinding	5.920	6.001	(81)	-1,3%
Langtímaskuldir alls	42.018	41.940	79	0,2%
Skuldir við lánastofnanir	1.796	1.790	6	0,3%
Leiguskuldir	752	712	41	5,7%
Viðskiptaskuldir	9.393	8.630	763	8,8%
Aðrar skammtímaskuldir	7.284	5.841	1.442	24,7%
Skammtímaskuldir alls	19.225	16.973	2.252	13,3%
Skuldir og eigið fé alls	94.148	93.373	775	0,8%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- Eiginfjárlutfall 34,9% í lok fyrsta ársfjórðungs.
- Kaup á eigin bréfum fyrir 533 millj. kr. á árinu.
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækka um 2.205 millj. kr. Arður til hluthafa að fjárhæð 914 millj. kr. meðal skammtímaskulda í lok mars.
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.

Sjóðstreymi samstæðunnar á 1F 2023



- **Handbært fé frá rekstri nam 1.238 millj. kr. og hækkar um 255 millj. kr. milli ára.**
- **Fjárfestingar námu 852 millj. kr. á 1F 2023, minnkun um 1.051 millj. kr. milli ára.**
- **Afborganir af vaxtaberandi lánnum og leiguskuldum námu 199 millj. kr.**
- **Lækkun handbærs fjár á 1F 2023 nam 829 millj. kr.**

Milljónir króna	1F 2023	1F 2022	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.112	4.003	(1.891)	-47,2%
Handbært fé frá rekstri	1.238	983	255	26,0%
Fjárfestingar	(852)	(1.904)	1.051	-55,2%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	37	286	(249)	-87,0%
Viðskipti við hluthafa	(533)	(836)	303	-36,2%
Viðskipti við lánastofnanir	(199)	154	(353)	-228,7%
Gengismunur af handbæru fé	20	(34)	54	-159,6%
Handbært fé í lok tímabils	1.823	2.653	(829)	-31,3%



- Starfsemin á 1F 2023
- Uppgjör 1F 2023
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX




Hluthafar (10 stærstu)

	%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,0
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,6
Gildi - lífeyrissjóður	9,4
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,4
Birta lífeyrissjóður	7,0
Almennir lífeyrissjóðurinn	4,6
Stapi lífeyrissjóður	4,2
Festa - lífeyrissjóður	4,2
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,6
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0

Markaðsupplýsingar

Útistandandi hlutir	305 m.
Markaðsvirði 31.03.23	55.115 m.kr.
Markaðsvirði 31.03.22	76.250 m.kr.
Fjöldi hluthafa	1.268



Staða og horfur árið 2023



Afkomuspá ársins 2023

- EBITDA spá Festi fyrir árið 2023 er óbreytt og nemur 9.750 – 10.250 millj.kr.

Forsendur og áhætta:

- Áhrif stýrivaxtahækkana.
- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð.
- Breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.

Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög íslendinga til útlanda.


Helstu atriði:

- Rekstur fjórðungsins gekk ágætlega og í samræmi við áætlanir félagsins.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 20,0% en verðbólga setur þrýsting á framlegðarstig og allan rekstrarkostnað.
- Unnið þétt með birgjum til að vinna á móti verðhækkunum sem nú ganga yfir.
- Mikill fókus á rekstrarkostnað og leiðir til að lækka einingakostnað í samstæðunni.
- Aðgerðaráætlun í gangi sem mun skila árangri á næstu mánuðum.

Fjárfestingar og viðskipti við hluthafa:

- CAPEX spá Festi fyrir árið 2023 nemur 4.500 – 5.000 millj. kr.
- Fjárfestingar á 1F 2023 námu 852 millj. kr.
- Kaup á eigin bréfum á 1F 2023 fyrir 533 millj. kr.
- Arður til hluthafa vegna ársins 2022 nam 914 millj. kr. og var greiddur 12. apríl sl.

Kaupin á Lyfju í góðum farvegi



Áreiðanleikakannanir unnar með ráðgjöfum undanfarnar vikur.

Næstu skref:

- Vinna að gerð kaupsamnings og tryggja fjármögnun
- Hluthafafundur áætlaður í lok júní þar sem óskað verður eftir samþykki hluthafa til að hækka hlutfé um 10 milljón hluta til að mæta kaupverði vegna viðskiptanna.

Takk fyrir



Fyrirvarar



- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.